

Um nýjar samþykktir Íslenska lífeyrissjóðsins

Í sumar hefur verið unnið að breytingum á samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins í kjölfar ályktunar sem samþykkt var á ársfundi sjóðsins 20. maí 2009. Ályktunin var svohljóðandi:

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins 20. maí 2009 samþykkir að haldinn verði aukaársfundur sjóðsins eigi síðar en 30. september 2009. Stjórn skipuð á ársfundi 20. maí 2009 verði skipuð til bráðabirgða og starfi þar til ný stjórn verður kosin á aukaársfundi.

Bráðabirgðastjórnin hafi m.a. það hlutverk að endurskoða samþykktir sjóðsins sem miði að því að auka sjálfstæði sjóðsins frá því sem nú er. Markmið endurskoðunar samþykktanna er:

- *að stjórn sjóðsins verði að meirihluta til skipuð sjóðfélögum kjörnum á ársfundi en einn stjórnarmaður verði skipaður af Landsbankanum*
- *að framkvæmdastjóri sjóðsins verði starfsmaður sjóðsins sjálfs, en ekki starfsmaður rekstraraðila sjóðsins*
- *að greint verði á milli sameignardeildar sjóðsins og séreignardeildar.*

Á aukaársfundi í september 2009 leggi bráðabirgðastjórn fram tillögur að nýjum samþykktum fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn. Í þessari greinargerð er markmiðið að gera grein fyrir helstu breytingunum frá eldri samþykktum sjóðsins.

1. Breyting á uppsetningu samþykktanna og aðgreining milli samtryggingardeildar og séreignardeildar

Í eldri samþykktum sjóðsins er aðgreining á milli sameignar og séreignar mjög óskýr og því nauðsynlegt að gera breytingar í þá veru að gera skýrari greinarmun á milli deildanna. Niðurstaðan var sú að heppilegast væri að aðgreina á milli samtryggingardeildar og séreignardeildar í samþykktum sjóðsins með því að skipta samþykktunum upp í kafla:

1. Almenn ákvæði

Nafn sjóðsins og heimili, hlutverk sjóðsins, skipulag, sjóðfélagar, stjórn, ársfundur, ársreikningur og endurskoðun, iðgjöld.

2. Séreignardeild

Séreignarsparnaður almennt, útgreiðsla séreignarsparnaðar, uppsögn samnings um séreignarsparnað, flutningur á séreignarsparnaði til annars vörsluaðila.

3. Samtryggingardeild

Útgreiðsluleiðir samtryggingar, ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, skipting réttinda á milli sjóðfélaga og maka, tilhögun lífeyrisgreiðslna, tryggingafræðileg athugun.

4. Ýmis ákvæði

Útsending yfirlita, innheimta iðgjalda, flutningur réttinda, endurgreiðsla iðgjalda, bann við framsali og veðsetningu lífeyris, málsmeðferð og gerðardómur, um áhættudreifingu, eftirlit, breytingar á samþykktum, gildistaka.

Með þessari breytingu er búið að gera samþykktir Íslenska lífeyrissjóðsins skýrari og aðgengilegri fyrir sjóðfélaga. Nú eru öll ákvæði er varða deildir sjóðsins aðskilin sín í hvorum kafla samþykktanna í stað þess að vera samofin eins og í eldri samþykktum. Í kafla 1 og 4 eru síðan sameiginleg ákvæði fyrir báðar deildir. Í samþykktunum eru síðan fyrirvarar um að eingöngu þeir sem eiga réttindi í samtryggingardeildinni geti kosið um breytingar á 3. kafla og eingöngu þeir sem eiga inneign í séreignardeildinni geti kosið um breytingar á 2. kafla.

Þessi breyting á uppsetningu veldur því að talsvert margar greinar í eldri samþykktum sjóðsins færast til í nýju samþykktunum án þess að um neina efnislega breytingu sé að ræða.

Með þessum breytingum teljum við að búið sé að gera miklu skýrari greinarmun á milli deilda í samþykktum sjóðsins.

2. Stjórn sjóðsins

Breyting verður gerð á greinum 4.1 og 4.2 sem voru svohljóðandi:

4.1 *Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, þremur skipuðum af bankaráði NBI hf. og tveimur kjörnum á almennum fundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn.*

4.2 *Einn varamaður skal tilnefndur af bankaráði NBI og annar skal kjörinn á almennum fundi sjóðfélaga.*

Í staðinn kemur eftirfarandi breyting:

5.1 *Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, fjórum kosnum af sjóðfélögum og einum skipuðum af bankaráði NBI hf.*

5.2 *Tveir aðalmenn og einn varamaður skulu kosnir á ársfundi sjóðsins til tveggja ára í senn. Einn varamaður skal tilnefndur af bankaráði NBI hf.*

Með þessari breytingu verður stjórn sjóðsins að meirihluta skipuð sjóðfélögum. Ástæða þykir samt til þess að hafa fulltrúa bankans í stjórn sjóðsins sökum þess að sjóðurinn hefur sterk tengsl við bankann, bankinn er rekstraraðili sjóðsins og flestir sjóðfélagar eru viðskiptavinir bankans.

3. Sjálfstæði sjóðsins

Til að auka sjálfstæði sjóðsins eru lagðar til breytingar á grein 4.9 en þar segir nú:

4.9 *NBI hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. sérstöku samkomulagi sem stjórn sjóðsins skal gera við stjórn NBI hf. þar að lútandi. Þetta samkomulag skal senda Fjármálaeftirliti eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.*

Lagt er til að þessu ákvæði verði breytt og nýtt ákvæði sett í staðinn sem í nýjum samþykktum verður 5.13.

5.13 *Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning um daglegan rekstur sjóðsins. Samningur þar að lútandi skal sendur Fjármálaeftirliti eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.*

Einnig er lagt til að grein 20.4 verði felld út úr samþykktum.

20.4 *Breytingar á ákvæðum 4.1, 4.2, 4.9 og 20.1 eru háðar samþykki stjórnar NBI hf.*

Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að það svari betur kröfum sem uppi hafa verið um aðgreiningu milli sjóðsins og bankans. Stjórn sjóðsins er óháð NBI hf. og stýrir því hvernig hún rekur sjóðinn á hagkvæman hátt með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Á sama hátt er talið rétt að fella út ákvæði þess efnis að bankinn þurfi að samþykkja breytingar á samþykktum sjóðsins.

Að lokum er felld út ákvæði sem var í grein 20.1 í gömlu samþykktunum.

Breytingarnar þurfa einnig samþykki stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins til að ná fram að ganga.

Rökin fyrir að fella þetta út eru þau að það sé óeðlilegt að stjórn sjóðsins geti staðið í vegi fyrir breytingum sem samþykktar eru á sjóðfélagafundi.

4. Staða framkvæmdastjóra

Í 5. grein samþykktu sjóðsins (kafla um hlutverk stjórnar) verður bætt við ákvæði um framkvæmdastjóra sjóðsins.

5.11 *Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra.*

Þetta ákvæði er í samræmi við þá ályktun sem samþykkt var á ársfundi sjóðsins, að framkvæmdastjóri skyldi vera starfsmaður sjóðsins en ekki bankans.